

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 18/2009**

**frá 5. febrúar 2009**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2008 frá 7. nóvember 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/329/EB):  
  
„32fe. **32006 L 0021**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuíðnaði og breytingu á tilskipun 2004/35/EB (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB):  
  
„eins og henni var breytt með:  
  
– **32006 L 0021**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/21/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 114, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 23.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.